

Alþingi
Erindi nr. P 138/1276
komudagur 17.3.2010



Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
b/t Elínar V. Þorsteinsdóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. mars 2010.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi um land allt. (332. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda þingsályktunartillögu sem felur í sér ályktun að fela ríkisstjórn að undirbúa sóknaráætlun til að efla atvinnulíf og samfélag um land allt.

Viðskiptaráð styður heilshugar áherslur til eflingu atvinnulífs og samfélags um land allt. Aldrei hefur verið meiri þörf en nú á að stuðla að uppbyggingu atvinnulífs og efla enn frekar menntunar- og velferðarkerfi í landinu. Enduruppbygging á samfélaginu eftir þau áföll sem hafa riðið yfir þjóðina á síðustu misserum er aðeins möguleg með sameiginlegu átaki stjórnvalda og þjóðarinnar í heild þar sem áherslu er lögð á fjölbreytt atvinnulíf, menntun og endurheimtu fyrri lífsgæða.

Það er mat Viðskiptaráðs að sérstaklega þurfi þó að gæta að tengingu sóknaráætlunar sem þessarar við framkvæmanlega stjórnsýslu. Við áætlunargerð af þessu tagi er nokkur hætt á að hún feli í sér góð fyrirtheit sem þó er erfitt að koma til framkvæmdar, oft vegna skorts á hagnýtri tengingu við verkefni stjórnsýslunnar. Nú blasa við stjórnvöldum mikil verkefni í enduruppbyggingu atvinnulífs og samfélags um allt land og verður því að gæta sérstaklega að úrræði og áætlanir sem ætlað er að styðja við slíka uppbyggingu skili sér með þeim hætti sem þeim er ætlað.

Sóknaráætlun 20/20 hefur þegar verið hrint af stað og er ofangreind tillaga til þingsályktunar enn eitt skrefið í því ferli þar sem samþætting hennar við lögbundnar opinberar áætlanir er nauðsynleg svo náí fullu gildi. Stjórnvöld þurfa því að vanda til verka í samþættingu sóknaráætlunar og annara verkefna innan stjórnsýslunnar, sérstaklega efnahagsáætlun ríkisstjórnar og Alþjóða gjaldeyrissjóðsins. Mikilvægustu aðgerðir til eflingar atvinnulífs eru þær sem draga úr óvissu í rekstrarumhverfi, styðja við framvindu efnahagsáætlunarinnar, stuðla að hraðri lækkun stýrivaxta, styrkingu gjaldmiðils, áframhaldandi og aukinni verðmætasköpun og hagvexti..

Virðingarfyllt,

Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands